

## 2. fundur atvinnu-, ferða- og menningarnefndar Hrunamannahrepps kjörtímabilið 2018-2022

Fundur haldinn á Flúðum, að Smiðjustíg 6, 9. ágúst 2018 kl. 20:00

**Fundarboð: Verslunarmannahelgin 2018, almennt hlutverk nefndarinnar og uppskeruhátíð.**

Á fundinn mættu: Sigurjón Snær Jónsson, Rúnar Guðjónsson, Hulda Hrönn Stefánsdóttir og Hanna Björk Grétarsdóttir.

Sigurjón setur fundinn og segist taka að sér ritun fundar.

Fyrst var fljótlega farið yfir atvinnu- og íbúðalóðir í hreppnum í framhaldi af um ræðu um atvinnu og fólksfjölda í hreppnum. Nafn nefndarinnar var rætt og þessi breyting á að "atvinnu" hafi verið bætt framan við. Nefndarmenn voru sammála því að vilja sjá sveitarfélagið blómstra með aukinni atvinnu og auknum fólksfjölda. Sveitarfélagið býr yfir mörgum góðum kostum en það sem virðist helst halda aftur af því að fólk komi hingað er skortur á atvinnu og húsnæði. Rætt var kynningarmyndband sem Ölfus gerði til þess að kynna sveitarfélagið og voru nefndarmenn sammála um að slíkt gæti verið flott fyrir Hrunamannahrepp og hafa það á 4ra ára áætlun þar sem húsnæðismál myndu kannski breytast á þeim tíma með tilkomu nýrra lóða og framkvæmda í kringum þær. Jafnframt ætlar stjórnin að heyra í Guðmundi kenndum við Sóleyjarbakka. Hann er að byggja atvinnu- og íbúðarhúsnæði á Flúðum. Nefndin vil heyra í honum til þess að vera með góða þekkingu á því sem á sér stað í þessum málum í hreppnum og fá að vita hvaða sýn hann hefur á atvinnu í þessu húsnæði.

Því næst var verslunarmannahelgin rædd. Heilt yfir gekk þessi helgi mun betur en fyrri helgar sem Bessi og Sónus viðburðir hafa haldið á Flúðum. Stærsta ástæðan er sú að þetta árið var unglingatjaldsvæðið ekki í boði og aldurstakmark var inn á tjaldsvæðið. Gæsla var vel mönnuð og er það einnig talið vera hluti af ástæðunni fyrir því að þetta hafi farið betur fram. Tjaldsvæðið var þó ekki alveg laust við gesti sem áttu ekki alveg samleið með fjölskyldufólki en það verður fróðlegt að sjá hvernig sú þróun verður næstu árin ef helgin verður haldin áfram með þessu sniði. Einnig er spurning hvort það eigi að flokka þessa helgi sem fjölskylduhátíð eða útihátíð.

Uppskeruhátíðin verður haldinn 1. september. Ákveðið var að ræða við Kvenfélag Hrunamannahrepps um að halda uppskeruhátíðina líkt og árið áður. Einnig var ákveðið að spyrja forsvarsmenn Kvenfélagsins hvort að það sé áhugi fyrir því að taka þetta verkefni að sér næstu 2 eða 4 árin. Hulda ætlar að heyra í Láru, formanni Kvenfélagsins, til þess að athuga hvort það vilji koma að þessu. Í framhaldi af því þarf að ræða við Sigrúnu sem tekið hefur við starfi umsjónarmanns félagsheimilis og athuga hvort hún hafi einhverjar athugasemdir eða hugmyndir um framkvæmd hátíðarinnar.

\*Athugasemd bætt við 13.8.2018 – Kvenfélag Hrunamannahrepps hyggst taka að sér uppskeruhátíðina 2018 og einnig var áhugi fyrir því að taka verkefnið að sér næstu 2 og jafnvel 4 árin.

Ferðahluti nefndarinnar var ræddur til þess að athuga hvort nefndin ætti að sjá um ferðir innan sveitarfélagsins eða um ferðamenn og -þjónustu og fylgjast með því hvort að sveitarfélagið geti gert e-ð betur í aðbúnaði og upplýsingum fyrir ferðamenn. Niðurstaðan m.v. samtal við fyrri nefndarmenn var sú að bæði ætti við fyrir nefndina. Í haust/vetur ætlar nefndin að ræða við Kolbrúnu og Helga um það hvort þau hafi áhuga á að halda áfram með gönguhópana líkt og þau hafa gert. Því næst var aðbúnaður ferðamanna ræddur. Í kringum kosningar var rætt um að útbúa vetrarstæði fyrir ferðamenn á bílum sem þeir sofa í. Nefndin ætlar að kanna hvort að sveitarstjórn sé með það verkefni á borðinu hjá sér. Heyrst

hefur að bent hafi verið á tjaldsvæðið í þeim málum en þá verður að muna að einkaaðilar hafa séð um framkvæmdir og fjármögnun á þeim á tjaldsvæðinu og er ekkert gert í því án aðkomu þeirra að málinu. Einnig þarf að kynna sér hvernig slík vetrarstæði eru útbúin og talið er líklegt að þau séu nú þegar einhvers staðar að finna á landinu. Óþarfi er talinn að þurfa að finna upp hjólið í þeim málum. Gönguleiðir eru eitthvað sem þyrftu að vera til staðar og vel merktar. Rædd var hugmyndin um upplýsingamiðstöð eða að útbúa bækling sem hægt væri að afhenda ferðamönnum. Bæklingurinn yrði að vera útbúinn af einhverjum með reynslu af slíku og hann væri hægt að uppfæra fyrir hvert ár með tilheyrandi breytingum á ferðaþjónustuaðilum. Ferðaþjónustuaðilar myndu kannski greiða smá þóknun fyrir að vera í bæklingnum. Rúnar hélt að það væri mögulega e-r sjóður sem gæti einnig fjármagnað þetta verkefni. Leita þarf upplýsinga um það. Einnig ætlar Sigurjón að kanna lagaumhverfið í Hrunamannahreppi er varðar almannarétt og hvort sveitarfélagið leyfi fólki að tjalda og gista hvar sem er. Ef ekki, þá þarf að setja upp skilti sem bannar tjöld og vísar á tjaldsvæðið. T.d. í Kirkjuskarði sem hefur verið vinsælt tjald- og gististæði ferðamanna sumarið 2018.

Sigurjón slítur svo fundi um 21:45.